

Fundargerð

42. fundur erfðanefndar landbúnaðarins
Haldin á Keldnaholti 9. desember 2022 kl. 11:00 – 13:00

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Járngerður Grétarsdóttir (JG), Steinunn Garðarsdóttir (SG), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK), Leó Alexander Guðmundsson (LAG) var á Teams,
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund.

1. Samþykkt dagskrár
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Samþykkt fundargerð frá 41. fundi nefndarinnar
Fundargerð samþykkt án athugasemda
3. Staða mála frá síðasta fundi nefndarinnar
 - a) HR sótti fund húsdýraráðs Nordgen í Alnarp í Svíþjóð 17. – 18. nóvember. Fram kom að áhrif Úkraínu stríðsins hefur áhrif á rekstur genbanka með hækkandi raforkuverði og köfnunarefni. Kynnt var aðferð til að safna erfðaefti (sæði, eggjum) til varðveislu úr sláturgripum. Húsdýraráðið lýsti yfir áhuga á að haldið yrði námskeið fyrir þá sem kæmu að slíkri söfnun. Á næsta ári 2023 eru liðin 40 ár frá því að samstarf Norðurlandanna um genbanka húsdýra hófst.
 - b) Lokaskýrsla barst um verkefnið „Íslensk húsdýr-App“. Smáforritinu er hægt að hlaða niður í farsíma. Leitarstrengur er Icelandic Animal Breeds.
 - c) Drög að verklagsreglum við afgreiðslu umsagna nefndarinnar voru lögð fyrir fundinn og samþykktar með smávægilegum breytingum.

Verklagsreglur við afgreiðslu umsagna frá erfðanefnd landbúnaðarins

Erfðanefnd landbúnaðarins leggur áherslu á faglegt mat hvers og eins nefndarmanns fremur en atkvæðagreiðslu um einstaka mál. Ef til atkvæðagreiðslu kemur þá er það meirihluti nefndarinnar sem ræður.

Umsagnir og álitserðir **stafa frá nefndinni í heild**, burtséð frá því hvort skoðanir nefndarmanna séu skiptar.

Nefndarmönnum er þó heimilt að leggja fram sérálit samhliða umsögn nefndarinnar.

Formaður ber ábyrgð á að leggja fram umsagnir ásamt sérálitum einstakra nefndarmanna.

Drög að umsögn og/eða álitserð eru send nefndarmönnum rafrænt, sem gera athugasemdir **innan sjö daga** (nema annað sé ákveðið fyrir fram).

Ef engar athugasemdir berast telst umsögn eða álitserð samþykkt.

- Berist athugasemdir eru þær leystar af formanni og ný umsögn send til samþykktar.

Hlutverk nefndarinnar skv. reglugerð 151/2005 er að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaaufliða í landbúnaði samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og 5. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990.

Búnaðarlög nr. 70/1998

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998070.html>

Reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðaaufliða í landbúnaði 151/2005

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/0151-2005>

Lög um innflutning dýra nr. 54/1990.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1990054.html>

4. Rekstur 2022 og áætlun fyrir 2023

Erfðanefnd landbúnaðarins 2022	
Rekstraryfirlit 1.1.2022 - 9.12.2022	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2022	4.024.046
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR fyrri hluti	5.600.000
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR seinni hluti (áætlað)	1.500.000
Verðlagsbætur vegna 2022	920.123
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda	129.363
Samtals	12.173.532
Gjöld:	
Lbhí v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir	1.275.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	79.018
Ferðakostnaður til Alharp/Steinunn Garðarsdóttir	26.572
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	114.407
ERFP fundir/Birna	321.914
Eftirstöðvar styrks/Brynjólfur Brynjólfsson 2021/Áhrif sauðfjábeytar á tegundafjölb.	75.000
Eftirstöðvar styrks 2020/Brynja Hrafinkelsdóttir/Birkikemba og birkipéla	225.000
Eftirstöðvar styrks 2021/Hrannar Smári Hilmarsson/Genotyping barley resources	224.500
Veitingar á fundi	19.425
Samtals	6.332.836
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	615.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	543.750
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	425.000
	2.008.750
Eigið fé:	
Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2022	5.840.696
Samtals óráðstafað eigið fé 1.1.2023	5.840.696
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	3.831.946
*framlag fyrri hluti hækkar um kr. 920.123	

Erfðanefnd landbúnaðarins	
Drög að áætlun fyrir 2023	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2023	5.840.696
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR (áætlað)	8.000.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda (áætlað)	250.000
Samtals	14.090.696
Gjöld:	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir	4.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
Málþing	800.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	350.000
Eftirstöðvar styrks 2021/Arfgerðargreining geita m.t.t. riðu	225.000
Eftirstöðvar styrks 2020/kyn og stórfiskagen í íslenskum laxveiðiám	225.000
Samtals	9.772.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	390.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	425.000
	1.465.000
Eigið fé:	
áætlaður rekstraafgangur 31.12.2023	4.318.696
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2023	4.318.696
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	2.853.696

5. Önnur mál
HR ræddi erindi frá Ólafi Dýrmondssyni um verndun forystufjár. Þar kom fram að hann ásamt fleirum hafði fyrir um áratug rætt þá hugmynd að koma landnámskynjum íslensks búfjár á heimsmínjaskrá UNESCO í gegnum ráðuneyti menntamála. Fram kom að töluvert hefur verið gert til að styðja við verndun forystufjár og hefur erfðanefnd landbúnaðarins og erfðalindasetur komið þar að málum. Má þar nefna drög að ræktunarmarkmiðum fyrir stofninn og aðlögun skýrsluhalds í Fjárvis að forystufé, góðar skráningar er lykilatriði til verndunar stofnsins.
Afgreiðsla: BKB falið að svara erindi Ólafs.
6. Næsti fundur
Ákveðið var að halda næsta fund 15. mars 2023

Fundi slitið